

# GRAFÍK—GRUNNUR = NÁMSLÝSING

## UM NÁMIÐ

Að loknu Grafík—„Smakki“ liggur leiðin áfram á námskeiðið Grafík—Grunnur sem er sjálfstætt framhald á „Smakkinu“. Það er stutt, hnitmiðað og verkefnadrifið **grunnnám í grafískri hönnun**, þar sem farið er ítarlega í notkun Adobe-hugbúnaðarins: Photoshop (myndvinnsla/pixlar), InDesign (hönnun og umbrot/samspil texta og annarra grafískra elementa), Illustrator (teikning/vektorar) og Bridge (utantumhald og aðgengi að gögnum). Markmiðið er að nemendur ráði við faglega framsetningu á auglýsinga- og kynningarefni fyrir stafræna miðla og fleira.

**Athugið:** Áskrift að hugbúnaðinum er **ekki innifalin í verði** námskeiðsins en skólinn getur haft milligöngu um ársáskrift á öllum Adobe pakkanum á góðu verði: Photoshop, InDesign, Illustrator, Bridge auk fjölda annarra forrita.

## FYRIR HVERJA

Námsleiðin er hugsuð sem ákveðið framhald á námskeiðinu Grafík—„Smakkið“. Grunnur fyrir þá sem vilja læra að hanna auglýsinga- og kynningarefni hvort sem er fyrir netið eða prent. Einnig þá sem stefna á frekara listnám eða háskólanám í grafískri hönnun.

## MARKMIÐ

Að loknu námi eiga þátttakendur að:

Hafa góða grunnfærni í forritunum.

Geta nýtt gervigreindina sem hjálpartæki.

Geta hannað ýmis konar auglýsinga- og kynningarefni.

Hafa skilning á verkferlum myndvinnslu, vektora, hönnunar og umbrots.

Vera vel undirbúnir fyrir frekara nám eða störf á sviði grafískrar hönnunar.

## NÁMSÞÆTTIR

### ADOBE PHOTOSHOP

Kennt er á Photoshop-myndvinnsluforritið. Hér er áhersla lögð á ljósmyndir, meðferð þeirra og vinnslu í víðu samhengi. Farið er í helstu aðgerðir forritsins sem snúa að vinnslu ljósmynda, upplausn og margt fleira. Nemendur læra að vinna með myndir, blanda þeim, laga og breyta, svo eitthvað sé nefnt.

### ADOBE INDESIGN

Kennt er á InDesign-hönnunar- og umbrotsforritið. Lögð er áhersla á að nemendur læri að tileinka sér einfaldar og markvissar aðferðir sem þarf til að koma góðri hugmynd á framfæri. Nemendur vinna raunhæf verkefni, svo sem innskot í tímarit eða bækling.

### ADOBE ILLUSTRATOR

Illustrator-teikniforritið skoðað og kynnt. Nemendur vinna raunhæf verkefni, svo sem auglýsingar og merki.

### SKIPULAG, VISTUN OG FRÁGANGUR

Fjallað er um hvernig er best að skipuleggja verkefni, hvernig á að haga frágangi á verkum til hinna ýmsu miðla, hvernig á að skila af sér verkefnum og hvað er nauðsynlegt að gera og hvað ber að varast.

### LOKAVERKEFNI

Lokaverkefnið er fjölbreytt og krefjandi og tekur breytingum frá önn til annar. Það er kynnt snemma á námskeiðinu, unnið af og til meðan á námskeiðinu stendur og svo eingöngu í síðustu tímum. Verkefninu er skilað bæði á útprentuðu og tölvutæku formi. Kennarinn gefur umsögn (einkunn) fyrir lokaverkefnið.

## **ANNAÐ**

Að auki er fjallað um heilmargt annað (í tali og tónum!) sem snertir grafíska hönnun. Nefna má almenna umræðu um hönnun, merkjahönnun, markaðsmál, samfélagsmiðla, prentmöguleika, pappír, letur og fleira.

## **FRAMMISTÖÐUMAT/DIPLÓMA**

Námið er góður grunnur til að byggja á. Námslínin veitir ekki starfsheitið „grafískur hönnuður“ enda er það lögverndað starfsheiti og það veitir engin bein starfsréttindi.

## **ÁÆTLAÐ VINNUFRAMLAG**

Kennslan er áætluð um 60 klukkustundir (um 90 kennslustundir) en nemendur sem vilja ná mjög góðum tókum á viðfangsefninu og marktækum árangri þurfa klárlega að leggja á sig eitthvað heimanám.